

Eiríkur Rögnvaldsson

Ýmis

„Auðvitað er ekkert hafdjúp á milli sumra orðflokka, og sum orð eru vanddregin í dilk“ segir Gísli Jónsson (1995). Undanfarin ár hefur greinarhöfundur mátt sitja tímunum saman yfir leiðréttingum á vélrænni orðflokkgreiningu þar sem ekkert þýðir annað en draga öll orð í dilka – það má ekki skilja neitt eftir í almenn-ingnum. En stundum efast maður um að verið sé að draga í réttan dilk.

Eitt þeirra orða sem helst flækist fyrir manni er *ýmis*. Greinarhöfundur lærði á sínum tíma hjá Birni Guðfinnssyni (1958) að það væri óákveðið fornafn, og um það ber öllum nýrri orðabókum og kennslubókum saman. Eitthvað hefur orðið þó hlaupið út undan sér, eins og sjá má af því að í Málvarsbanka Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum (áður Íslenskrar málstöðvar) (http://arnastofnun.is/page/arnastofnun_gagnasafn_malfarsbankinn) þykir ástæða til að vara við fjöllyndi þess:

Orðið *ýmis* er að uppruna fornafn og því er ekki talið æskilegt að segja "hinir ýmsu menn" eða "hinir ýmsustu aðilar" enda er *ýmis* þá sett í stöðu lýsingarorðs.

„Aldrei hefur þótt fara vel á því að setja greini með *ýmis*“ segir Helgi Hálf-danarson (1989), en sú tilhneiging að nota *ýmis* á þennan hátt er þó ekki ný, eins og ráða má af bréfi frá Áskeli Snorrasyni sem Árni Böðvarsson (1958) birtir, en þar segir m.a.:

Ég minnst þess ekki, að þeir, sem rætt hafa eða ritað um íslenska tungu, hafi minnt á orðtakið **hinir ýmsu**, sem sjá má og heyra daglega í ræðu og riti, jafnvel lærðra manna. En mér finnst þetta ein hin aumasta rasbaga í íslensku máli, sett fram upphaflega til þess eins að geta **þrælþýtt** orðalag danskrar tungu eða annarra erlendra tungumála.

Þegar að er gáð má rekja sögu þessa sambands meira en hálfa aðra öld aftur í tímann. Elsta dæmi sem finnst á tímaritavefnum (<http://timarit.is>) er úr *Þjóðólfi* 1853, og síðan eru fjölmörg dæmi frá næstu árum þar á eftir – flest úr *Þjóðólfi*, en einnig úr *Íslendingi*, *Norðanfara*, *Ísafold*, *Norðlingi*, *Skírni* o.fl., og einnig úr vesturíslensku blöðunum, *Lögbergi* og *Heimskringlu*. Alla tíð síðan hefur þetta samband verið mjög algengt, og alls er á tímaritavefnum á sextánda þúsund dæma um hinar ýmsu beygingarmyndir þess; *hin ýmsu* er langalgengasta myndin.

En hvers vegna skyldi *ýmis* vera „sett í stöðu lýsingarorðs“? Hugsanlega vegna merkingarlegs skyldleika við lýsingarorð – vandséðar eru t.d. merkingarlegar ástæður fyrir því að greina *ýmis* öðruvísi en *margur* sem alltaf er talið lýsingarorð. Ekki er ólíklegt að ástæðan fyrir mismunandi greiningu þessara orða sé sú að *margur* stigbreytist, þótt óreglulega sé, en *ýmis* ekki – eða hvað?

Vitnum aftur í bréf Áskels Snorrasonar til Árna Böðvarssonar (1958):

Ef það fær staðizt í íslenzku máli, að óákveðin fornöfn séu beygð sem lýsingarorð með greini, þá liggur nærri að álíta, að þau taki stigbreytingum eins og lýsingarorðin: hin ýmsu, hinir ýmsari, hinir ýmsustu.

Það er eins og málnotendur hafi hent þetta á lofti, því að elsta dæmi um *ýmsustu* á tímaritavefnum er frá næsta ári, 1959. Það dæmi er að vísu úr *Speglinum* og ekki ólíklegt að „upphaflega hafi þetta verið svo sem til gamans gert“ eins og Gísli Jónsson (1995) giskar á, og fellur það vel að fyrstu minningum greinarhöfundar um efsta stigið (úr Menntaskólanum á Akureyri upp úr 1970). Næstu dæmi um efsta stigið á tímaritavefnum eru frá 1976, 1977 og 1978, eitt frá hverju ári, tvö frá 1979 og fjögur frá 1980, en á níunda áratug síðustu aldar virðist útbreiðsla efsta stigsins aukast verulega (13 dæmi 1981, 9 1982, 7 1983, 12 1984, 9 1985, o.s.frv.). Þá er líka farið að fjalla um stigbreytinguna – og amast við henni – í ýmsum málfarsþáttum, fyrst hjá Gísla Jónssyni (1984):

„Leigðu út efni, sem tekið var upp á hinn **ýmsasta** máta.“ Hér auðkennir umsjónarmaður orðmyndina ýmsasta. Orðið ýmis er óákveðið fornafn, en í tilvitnuðu málsgreininni var það beygt eins og lýsingarorð og stigbreytt. Nóg væri að segja á **ýmsan máta**, en þyki mönnum það slappt, er eina leiðin að velja áhrifamikið lýsingarorð í staðinn [...].

Helgi Hálfðanarson (1989) lét þessari breytingu vitaskuld ekki ómótmælt:

[...] um þverbak keyrir þegar farið er að stigbeygja þetta ræfils fornafn; *ýmiss*, *ýmsari*, *ýmsastur*, og væri fróðlegt að fréttu hvaða merkingar-ferli sú breyting á að tákna.

Gísli Jónsson (1995) tekur málið aftur upp nokkrum árum síðar og segir þá:

Enn er þess að geta, að fyrir nokkru tóku menn að skynja **ýmis** sem lýsingarorð, og var þá að sjálfsögðu tekið að stigbreyta það.

Þetta er athyglisvert orðalag, því að þar er í raun vísað til máltilfinningar málnotenda. Í fyrri tilvitnunum er alltaf talað um að menn séu – af einhverjum óþekktum ástæðum – farnir að beygja fornafn ranglega eins og það væri lýsingarorð, en hér er gert ráð fyrir að ómeðvituð flokkun málnotenda á orðinu hafi breyst, og hegðun þess þá eðlilega í kjölfarið. Gísli gengur reyndar ekki svo langt að leggja blessun sína yfir þessa breyttu skynjun, því að hann heldur áfram:

[...] þetta hefur náð að festa rætur. Ég held að það væri best að slíta þær og halda áfram að fara með **ýmis** sem fornafn.

En þessar rætur ná reyndar býsna djúpt, þótt stigbreytingin sé ekki gömul, og

Það er mjög hæpið að halda því fram að *ýmis* sé „að uppruna fornafn“. Orðið er nefnilega greint sem **lýsingarorð** í flestum uppflettiritum um formálið, t.d. orðabók Fritzners (1954), málfræði Iversens (1973), seðlasafni ONP, o.fl. Sigfús Blöndal (1920-24) greinir orðið líka þannig í orðabók sinni. Nú þegar orðið hefur tekið upp stigbreytingu, meginformseinkenni lýsingarorða, virðist miklu eðlilegra að halda í gömlu ræturnar og slíta í staðinn hinar stuttu rætur orðsins í flokki óákveðinna fornafna.

Orðflokkgreining er sérstök íþrótt sem var a.m.k. til skamms tíma mikið stunduð í íslenskum skólum og sumir urðu góðir í – en ekki endilega betri málnotendur eða fræðimenn fyrir vikið. Sjaldan hefur heimsmynd greinarhöfundar orðið fyrir þyngra höggi en þegar hann komst að því – eða réttara sagt var látinn „uppgötva“ – að *sem* væri samtenging en ekki tilvísunarfornafn (sjá Höskuld Þráinsson 1980). Líklega hefur ekkert kennt höfundir meira um gagnrýna hugsun en sú uppgötvun og síðan hefur hann iðulega efast um gildi þess orðflokka-dráttar þar sem merkimiðar eru hengdir á orð án tillits til þess hvernig þau haga sér í málinu. Nú er mál til komið að skipta aftur um merkimiða á *ýmis* og kalla það lýsingarorð.

Heimildir

- Árni Böðvarsson. 1958. Íslenzk tunga. 34. þáttur. *Þjóðviljinn* 243. tölublað, 25. október, s. 7.
- Björn Guðfinnsson. 1958. *Íslenzk málfræði* handa framhaldsskólum. 5. útg. Eiríkur Hreinn Finnbogason annaðist útgáfuna. Ríkisútgáfa námsbóka, Reykjavík.
- Fritzner, Johan. 1954. *Ordbog over Det gamle norske Sprog*. Nytt uforandret opptrykk av 2. utgave (1883–1896). Tryggve Juul Møller forlag, Oslo.
- Gísli Jónsson. 1984. Íslenskt mál, 263. þáttur. *Morgunblaðið* 225. tölublað, 17. nóvember, s. 10.
- Gísli Jónsson. 1995. Íslenskt mál. 792. þáttur. *Morgunblaðið* 87. tölublað, 13. apríl, s. 42.
- Helgi Hálfðanarson. 1989. Brageyra og máleyra. *Morgunblaðið* 42. tölublað, 19. febrúar, s. C22.
- Höskuldur Þráinsson. Tilvísunarfornöfn? *Íslenskt mál* 2:53–96.
- Iversen, Ragnvald. 1973. *Norrøn grammatik*. 7. útg. Aschehoug, Osló.
- ONP = *Ordbog over det norrøne prosasprog*.
- <http://dataonp.hum.ku.dk/index.html>
- Sigfús Blöndal. 1920–24. *Íslensk-dönsk orðabók*. Reykjavík.